

JÚLÍ 2022

BREYTING Á AÐALSKIPLAGI HÖRGÁRSVEITAR 2012-2024
BREYTINGAR Í LAND I SKÚTA, ATHAFNASVÆÐI, AT1, EFNISTÖKUSVÆÐI E5 OG AFÞREYINGAR – OG
FERÐAMANNASVÆÐI AF2
GREINARGERÐ

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR.....	3
2	MARKMIÐ.....	3
3	FORSENDUR	3
3.1	Staðhættir og náttúruferir.....	3
4	EFNISTÖK AÐALSKIPULAGSBREYTINGAR	5
4.1	Athafnasvæði (AT1).....	5
4.2	Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF2).....	6
4.3	Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL3).....	7
4.4	Landbúnaðarsvæði.....	7
5	Umhverfismatsskýrsla.....	7
5.1	TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	8
5.2	Landsskipulagsstefna	8
5.3	Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024.....	8
5.4	Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024	9
5.5	Deiliskipulag í gildi.....	9
5.6	Viðfangsefni, viðmið, nálgun og áherslur í umhverfismati	10
5.6.1	Viðmið og vísar til grundvallar umhverfismati	12
5.6.2	Aðferðir við umhverfismat og framsetning niðurstaðna	13
5.6.3	Stefnukostir	14
5.6.4	Áhrifamat	14
6	HEIMILDARSKRÁ.....	16

Myndir og töflur

Mynd 1. Breytingin mun fjalla um svæðið sem merkt er sem svæði 2 (skástríkað).	4
Mynd 2. Vistgerðir samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnar Íslands. Breytingarsvæði er innan rauða rammans.	4
Mynd 4 Skjaskot úr skipulagsupprætti Aðalskipulags Hörgársveitar 2012-2024 sem gildi tók 11. janúar 2016.	5

Tafla 1. Tafla yfir athafnasvæði í greinargerð Aðalskipulags Hörgársveitar 2012-2024 sem gildi tók 11. janúar 2016	5
Tafla 2. Tafla eftir breytingu.....	5
Tafla 3. Tafla yfir afþreyingar- og ferðamannasvæði í greinargerð Aðalskipulags Hörgársveitar 2012-2024 sem gildi tók 11. janúar 2016.....	6
Tafla 4. Tafla eftir breytingar	6
Tafla 5. Samræmi tillögunnar við stefnu Aðalskipulags Hörgársveitar 2012-2024.....	9
Tafla 6. Samræmi tillögunnar við stefnu Svæðisskipulags Eyjafjarðar 2012-2024.	9
Tafla 7. Vinsun umhverfisþátta. Matsþættir og umhverfisþættir sem teljast líklegir til þess að verða fyrir áhrifum vegna skipulagsgerðar í tengslum við uppbyggingu á skipulagssvæðinu.....	10
Tafla 8. Umhverfisviðmið, umhverfisvísar og umhverfisþættir sem byggt verður á í umhverfismati. .	10
Tafla 9. Matsþættir, viðmið og matsspurningar.	13
Tafla 10. Vægis-einkunnir í matstöflu.	13

1 INNGANGUR

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024, á skipulagsupprætti og greinargerð sem staðfest var 17.12.2015. Gerð er breyting á landnotkun í landi Moldhauga og Tréstaða í Hörgársveit þar sem gert er ráð fyrir að skilgreina og afmarka á uppdrátt breytt athafnasvæði, afþreyingar- og ferðamannsvæði og efnistökusvæði í landi Moldhauga og Tréstaða. Deiliskipulagsbreyting verður unnin samhliða aðalskipulagi og verða báðar tillögur auglýstar samtímis.

2 MARKMIÐ

Eigendur lands á Moldhaugnahálsi áforma að auka umfang stafsemi sinnar á svæðinu umfram það sem heimilað er í Aðalskipulagi Hörgársveitar sem gildi tók með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda 11. janúar 2016. Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 30. nóvember að kynna skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem skilgreiningu og skilmálum athafnasvæðis AT-1 og afþreyingar- og ferðaþjónustusvæðis AF-2 er breytt með hliðsjón af fyrrnefndum áformum. Markmið skipulagsverkefnisins er að skilgeina ramma utan um starfsemi á svæðinu þannig að saman fari hagsmunir rekstaraðila og umhverfissjónarmið. Skilgreindar eru heimildir fyrir nýbyggingum og öðrum framkvæmdum og skilmálar um eðli stafsemi á svæðinu, auk þess sem sett eru markmið um frágang lausamuna og ásýnd svæðisins sem útfærð verða á nánari hátt í deiliskipulagi.


Ekki eru gerðar breytingar á skilmálum efnistökusvæðis E5 sem einnig er á Moldhaugnahálsi.

3 FORSENDUR

3.1 Staðhættir og náttúrufar

Breytingarsvæðið er í landi Moldhauga og Tréstaða í Hörgársveit. Svæðið er skilgreint sem athafnasvæði AT-1, afþreyingar- og ferðamannsvæði AF-2, efnistökusvæði E-5 og landbúnaðarsvæði í Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 sem gildi tók 11. janúar 2016. Við suðurjaðar svæðisins sem skipulagstillagan tekur til er skógræktarsvæði og um svæðið liggja aðveituæðar vatns- og hitaveitu, ljósleiðari, göngu- og reiðleið, ein háspennulína í lofti auk þess sem ráðgert er að leggja nýja háspennulínu í jörð á næstu misserum.

Þjóðvegur 1 liggur meðfram svæðinu sem skipulagstillagan tekur til og er árleg umferð um veginn m 2900 ökutæki árið 2021.



Mynd 1. Svæðið sem aðalskipulagsbreytingin tekur til er gefið til kynna með rauðum línunum að ofan.

Svæðið einkennist að mestu af mólendi sem þekur stærsta hluta breytingarsvæðisins. Einnig má finna skógrækt norður af Moldhaugum ásamt melum, klöppum og mýrardrögum inn á milli.

Landhæðir eru frá 80 m og upp í 540 m og hallar landinu upp frá norðri til suðurs. Fornleifaskráning liggur fyrir jarðirnar Skútar (FS142-98043) og Moldhauga (FS070-98041). Samkvæmt þeim skráningum þá eru fjórar minjar innan jarðarinnar Skúta. Fyrsta er EY-271:007 Þórustaðir bæjarstæði. Önnur er EY-270:009 Mjóalág, þriðja er EY-270:006 Skútnasel seltóft og fjórða er EY-270:008 Gamlistekkur stekkjartóft. Í landi Tréstaða er gömul fjárrétt sem stendur til að færa.



Mynd 2. Vistgerðir samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnar Íslands. Breytingarsvæði er innan rauða rammans.

Svæðið sem skipulagstillagan tekur til liggur talsvert hærra en byggð svæði á næsta nágrenni og er því vel sýnilegt úr byggð norðan þess.


4 EFNISTÖK AÐALSKIPULAGSBREYTINGAR

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 sem gildi tók 11. janúar 2016 og eru breytingar raktar hér að neðan.

4.1 Athafnasvæði (AT1)

Gerð er breyting á afmörkun og skilmálum fyrir athafnasvæði AT1. Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 sem gildi tók 11. janúar 2016 segir um svæðið:

Svæðið er ætlað sem geymslusvæði fyrir vélar, bíla og tækjabúnað. Gert er ráð fyrir þremur skemmum á svæðinu samtals 1.000 m². Afleggjari verður lagður að bænum Skútum sem tengir svæðið við Hringveginn. Svæðið er alls 10 ha að stærð.



Mynd 3 Skjaskot úr skipulagsupprætti Aðalskipulags Hörgársveitar 2012-2024 sem gildi tók 11. janúar 2016.

Tafla 1. Tafla yfir athafnasvæði í greinargerð Aðalskipulags Hörgársveitar 2012-2024 sem gildi tók 11. janúar 2016

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
AT-1	Moldhaugar	Svæðið er ætlað sem geymslusvæði fyrir vélar, bíla og tækjabúnað. Gert er ráð fyrir þremur skemmum á svæðinu samtals 1.000 m ² . Afleggjari verður lagður að bænum Skútum sem tengir svæðið við Hringveginn. Svæðið er alls 10 ha að stærð.	Skútum/Moldhaugar/Tréstaðir

Í skipulagstillögunni sem hér er lýst er ráðgert að breyta mörkum athafnasvæðis AT-1 og skilmálum sem um svæðið gilda. Stærð svæðisins eykst úr 10 í 24,5 ha og bætt er við ítarlegri skilmálum um byggingar og framkvæmdir innan svæðisins. Frávik eru frá auglýstri skipulagslýsingu en við mótun skipulagstillögu var bætt við ökugerði og sex atvinnulóðir bæst við áformin.

Tafla 2. Tafla eftir breytingu

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
AT-1	Moldhaugar	Innan svæðisins er gert ráð fyrir um geymslusvæði, ökugerði, efnislager og sex atvinnulóðum. Heildarflatarmál lóðanna verður um 100.000 fm og nýtingarhlutfall 0,4. Byggingar á svæðinu verði ekki hærra en þrjár hæðir ofan jarðar og mænishæð ekki meiri en 15 m. Heimilt verði að starfrækja á lóðunum atvinnurekstur sem ekki hefur í för með sér verulega mengun, s.s. vélaverkstæði, geymslu á óskaðlegum efnum, starfsemi tengda bergnámu á svæðinu, steypustöð og malbikunarstöð. Heimilt verði að reisa starfsmannabúðir og skrifstofuhúsnæði innan svæðisins auk þess sem heimilt verði að reisa skemmur allt að 2000 fm í bæði ökugerði og geymslusvæði. Meðferð fráveitu frá byggingum og vegna annarrar starfsemi skal samræmast reglugerð um fráveitur og skolp nr. 798/1999. Gerð er rík krafa um að ásýnd svæðisins sé góð og að snyrtilega sé gengið um svæðið. Draga skal úr innsýn á svæðið með landmótun, mönum og skógrækt með því markmiði að ásýnd svæðisins sé ekki til lýtis fyrir umhverfið. Samræmi verði í útliti og litavali bygginga. Mön verði komið fyrir meðfram Þjóðvegi 1 og gróðursetning við jaðar svæðis og einnig innan svæðis til að milda ásýnd. Reglulega skal gengið frá vinnuvélum, tækjum og öðrum lausamunum. Búnaður og lausamundir sem ekki eru í notkun við daglega starfsemi á svæðinu skal geymdur á geymslusvæði. Gerð er krafa um að mön verði komið upp við geymslusvæði með því markmiði að svæðið sjáist ekki úr næsta nágrenni. Umgengnisreglur sem tryggi fullnægjandi ásýnd svæðisins verði settar í deiliskipulagi. Svæðið er alls 25,4 ha að stærð.	Skútar/Moldhaugar

4.2 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF2)

Gerð er breyting á afmörkun og skilmálum fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði AF2.

Tafla 3. Tafla yfir afþreyingar- og ferðamannasvæði í greinargerð Aðalskipulags Hörgársveitar 2012-2024 sem gildi tók 11. janúar 2016

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
AF-2	Moldhaugaháls	Vélasafn.	Moldhaugar

Tafla 4. Tafla eftir breytingar

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
AF-2	Moldhaugaháls	Innan svæðisins er heimilað að vera með markaðstorg, aðstöðu til móttöku ferðamanna, mótuneyti og húsnæði fyrir vinnuvélasafn og aðra safnastarfsemi. Heildarbyggingarmagn 10.000 m² Ein til þrjár neðanjarðarhvelvingar upp á alls 21.000 m² sem munu nýtast til móttöku, kynninga og sýninga í tengslum við safnastarfsemi. Á framkvæmdatíma verða útgröftur úr hvelvingunum ráðstafað í bergvinnslu sem fyrir er á svæðinu en að framkvæmdum liðnum munu þær verða hluti af afþreyingar- og ferðamannasvæðinu. Stærð svæðis 12,5 ha.	Moldhaugar

4.3 Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL3)

Gerð er breyting á afmörkun og stærð skógræktar- og landgræðslusvæðis SL3 þar sem afmörkun á AF-2 mun ganga örlítið inn á það svæði. Í stað 19 ha verður svæðið 16 ha.

4.4 Landbúnaðarsvæði

Við skiplagsbreytinguna minnkar landbúnaðarsvæði á aðalskipulagsuppdraetti sem nemur stækkun athafnasvæðis AT-1 og afþreyingar- og ferðaþjónustusvæðis AF-2. Svæðið sem skipulagstillagan tekur til er ekki í ræktun og búrekstur á svæðinu er lögnu aflagður. Sveitarstjórn Hörgársveitar telur að umfang svæðisins sem breytt er úr landbúnaðarsvæði í aðra landnýtingarflokka sé í eðlilegu samræmi við nýtingaráformin sem um ræðir og telur einsýnt að skipulagsbreytingin spilli ekki búrekstraráformum í nágrenningu. Skipulagsbreytingin er í samræmi við 5. gr. jarðalaga nr. 81/2004.

4.5 Efnistökusvæði

Gerð er breyting á afmörkun efnistökusvæðis E5 en skilmálar svæðisins eru óbeyttir. Efnistökusvæðið var sagt fyrir breytingu ranglega skráð 17,5 ha en var í raun 24,5 ha. Stærð svæðisins verður eftir breytingu 18,6 ha en efnismagn það sama eða 5.000.000 m³.

5 Umhverfismatsskýrsla

Breytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana en áformaðar eru framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021:

- Neðanjarðarnáma, alls um 149.000 rúmmetra bergnám (liður 2.03)
- Byggingar með meiri gólflöt en 20.000 fermetrar (liður 10.02)
- Förgunarstöðvar þar sem úrgangur er meðhöndlaður (liður 11.03)

Áætlunin er unnin samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og hún verður tekin fyrir í sveitarstjórn Hörgársveitar.

5.1 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Í gildi er Landsskipulagsstefna 2015-2026 sem samþykkt var á Alþingi 2016, samræmd stefna um skipulagsmál á landsvísi til leiðbeiningar fyrir skipulagsgerð sveitarfélaga. Í gildi fyrir svæðið eru aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024 og svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024.

5.2 Landsskipulagsstefna

Samræmi við landsskipulagsstefnu	
Samræmist landsskipulagsstefnu	✓
Á ekki við/Samræmist ekki landsskipulagsstefnu	X

Í kafla 2.2.1. Byggð falli að landslagi og náttúru segir: Skipulagsáætlanir sveitarfélaga marki stefnu um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýli. Skipulagsákvæðanir um staðsetningu og hönnun nýrra mannvirkja í dreifbýli taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum. Um leið verði gætt að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og að byggð gangi ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt til landbúnaðar eða vegna náttúruverndar.

Í kafla 2.2.2. Náttúra, menningararfur og heilnæmt umhverfi segir: við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu. Það getur m.a. falist í stefnu um vistheimt og verndun og eflingu gróðurs og jarðvegs. Jafnframt verði gætt að álagi á vatn og vatnsvernd. Landslagsgreining og vistgerðaflokkun ásamt áætlunum um uppgræðslu lands og vatnaáætlun verði lagðar til grundvallar skipulagsákvörðunum.

Aukin umsvif á Moldhaugahálsi munu auka sjónræn áhrif af starfsemi á svæðinu frá því sem áður var. Viðbúið er að sjónræn áhrif af framkvæmdum á svæðinu sem þessi skipulagstillaga tekur til geti verið nokkuð íþyngjandi í næsta nágrenni framkvæmdanna. Ráðgert er að draga úr sjónrænum áhrifum með landmótun, mönum og skógrækt. Gera má ráð fyrir að framkvæmdasvæðið verði þrátt fyrir það sýnilegt úr fjarlægð en að ásýnd þess úr fjarlægð teljist ekki verulega íþyngjandi.

5.3 Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024

Í aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 er jörðin Glæsibær skilgreind sem landbúnaðarsvæði, skógræktarsvæði og svæði fyrir þjónustustofnun.

Samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags	
Samræmist stefnu gildandi aðalskipulags	✓
Á ekki við/Samræmist ekki stefnu gildandi aðalskipulags	X

Stefna Aðalskipulags Hörgársveitar 2012-2024	Samræmi
Kafli 3.1.1 Athafnasvæði MARKMIÐ Lögð verður áhersla á að skapa fyrirtækjum góðar umhverfisaðstæður LEIÐIR	✓

Fjölbreytt framboð athafnalóða er fyrir mismunandi fyrirtæki. Átak verði gert í að skapa aðstæður fyrir nýja atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu, bæði ný fyrirtæki, sem og flutning fyrirtækja úr öðrum sveitarfélögum	
Kafli 3.1.4 Afþreyingar- og ferðamannasvæði MARKMIÐ Að auka þjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn á svæðinu. LEIÐIR Uppbygging ferðamannastaða og skilgreining verndarsvæða kalla á aukna þjónustu. Að leitað verði eftir nýjum tækifærum á sviði viðskiptatengdrar ferðaþjónustu.	✓
3.3.7 Minjavernd MARKMIÐ: Taka skal tillit til skráðra fornleifa áður en ráðist er í bygginga- eða framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir. Í skógræktaráætlunum verði tekið tillit til fornminja og ekki plantað nær þekktum fornminjum en 20 m sbr. kafla 3.3.8.	✓ Þegar hafa verið skráðar fornminjar á svæðinu og mun breytt landnóktun ekki hafa áhrif á þær þar sem þess verður gætt að raska þeim ekki við framvæmdir á svæðinu.

Tafla 5. Samræmi tillögunnar við stefnu Aðalskipulags Hörgársveitar 2012-2024.

5.4 Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024

Samræmi við stefnu Svæðisskipulags Eyjafjarðar 2012-2024	
Samræmist stefnu gildandi svæðisskipulags	✓
Á ekki við/Samræmist ekki stefnu gildandi svæðisskipulags	X

Stefna Svæðisskipulags Eyjafjarðar 2012-2024	Samræmi
Kafli 3.2 um byggðapróun og byggðamynstur Gert er ráð fyrir framtíðarvexti Akureyrar út með vesturströnd Eyjafjarðar og skal taka mið af því við skipulag og uppbyggingu á svæðinu.	✓ Svæðið sem þessi skipulagstillaga er ofan þess svæðis sem gera má ráð fyrir að tekið verði undir þéttbýli í fyrirsjáanlegri framtíð.
Kafli 3.3.1 landbúnaður MARKMIÐ: -Landnýting skal vera í samræmi við landkosti þannig að tryggt verði svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.	✓ Sá hluti skipulagssvæðisins sem flokkað er sem landbúnaðarland í gildandi aðalskipulagi hefur verið tekið úr landbúnaðar-notum skv. 5. gr. jarðalaga nr. 81/2004.

Tafla 6. Samræmi tillögunnar við stefnu Svæðisskipulags Eyjafjarðar 2012-2024.

5.5 Deiliskipulag í gildi

Í gildi er deiliskipulag fyrir svæðið sem tekur til efnistökusvæðis E5, athafnasvæðis AT-1 og afþreyingar og ferðaþjónustusvæðis AF-2. Gildandi deiliskipulag rúmast innan heimilda

aðalskipulagstillögunnar sem um ræðir í þessari greinargerð en ráðgert er að endurskoða deiliskipulagið samhliða aðalskipulagsbreytingunni.

5.6 Viðfangsefni, viðmið, nálgun og áherslur í umhverfismati

Áhrifaþættir skipulagsins eru þeir hlutar stefnunnar sem eru líklegir til að hafa áhrif á umhverfið. Umhverfisþættir eru þeir þættir sem framkvæmd eða áætlun getur haft áhrif á. Umhverfismatinu er ætlað að lágmarka neikvæð áhrif við gerð áætlunar og hámarka þau jákvæðu. Í töflu hér að neðan (tafla 7) er vinsun umhverfisþátta, þ.e. megin matsþættir og umhverfisþættir sem eru líklegir til að verða fyrir áhrifum vegna stefnu aðalskipulagsins. Val umhverfisþátta byggir á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand og aðrar forsendur sem liggja fyrir.

Tafla 7. Vinsun umhverfisþátta. Matsþættir og umhverfisþættir sem teljast líklegir til þess að verða fyrir áhrifum vegna skipulagsgerðar í tengslum við uppbyggingu á skipulagssvæðinu.

Matsþáttur ¹	Umhverfisþættir ²	Skýringar
Hagrænir og félagslegir þættir	Íbúar og efnisleg verðmæti	Aukin starfsemi getur eflt atvinnulífið í sveitarfélaginu og haft áhrif á aðra þróun innan þess. Framkvæmdir geta haft áhrif á gildi eigna, m.a. vegna truflunar, breyttrar ásjúndar eða aukinnar eftirspurnar. Aðgengi að innviðum, s.s. samgöngum, raforku og neysluvatni hefur áhrif á starfsemina.
Náttúrufarslegir þættir	Líffræðileg fjölbreytni, plöntur, dýr, jarðmyndanir og jarðvegur	Framkvæmdir geta haft áhrif á gróður og dýralíf, s.s. truflun á dýralífi og skerðingu á ákveðnum gróðurlendum eða plöntutegundum.
Landslag, ásjúnd og menningararfur	Landslag, menningarminjar	Framkvæmdir breyta ásjúnd svæðisins. Sjónrænt áhrifasvæði getur verið stórt og áhrifin eru langvarandi. Framkvæmdir geta raskað sögu- og menningarminjum.

Tafla 8. Umhverfisviðmið, umhverfisvísar og umhverfisþættir sem byggt verður á í umhverfismati.

Umhverfisviðmið	Byggt á	Umhverfisvísar	Umhverfisþættir											
			Íbúar	Heilbrigði manna	Dýr	Plöntur	Líffræðileg fjölbreytni	Jarðvegur	Jarðmyndanir	Vatn	Loftslag	Efnisleg verðmæti	Menningarminjar	Landslag
Stuðla að heilbrigðu líferni og velliðan fyrir alla frá vöggu til grafar Stuðla að heilnæmu umhverfi og góðum möguleikum til útiveru. Draga úr slysum og dauðsföllum af völdum umferðarslysa	HMS-3 ³ LSK 15-26 ⁴	Umferðarslys, svifrik, hljóðstig og aðgengi að útivist.	✓	✓								✓		✓

¹ Matsþættir taka mið af megin viðfangsefnum við breytingar á aðalskipulagi.

² Umhverfisþættir sbr. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

³ Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

⁴ Landsskipulagsstefna 2015-2026.

Umhverfisviðmið	Byggt á	Umhverfisvísar		Umhverfisþættir										
			Íbúar	Heilbrigði manna	Dýr	Plöntur	Líffræðileg fjölbreytni	Jarðvegur	Jarðmyndanir	Vatn	Loftslag	Efnisleg verðmæti	Menningar-minjar	Landslag
Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess Auka vatnsgæði með því að draga úr mengun. Vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi, þ.m.t. fjalllendi, skóga, votlendi, ár, grunnvatnsból og stöðuvötn	HMS-6 Lög um stjórn vatnamála	Fráveita Vatnsgæði, mengun Votlendi	✓	✓	✓	✓	✓			✓				✓
Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla Viðhalda hagvexti í samræmi við aðstæður. Draga úr hagvexti sem gengur á umhverfið. Stuðla að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs. Stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur	HMS-6 LSK 15-26	Hagvöxtur, íbúafjöldi, staða atvinnulífs og fjölbreytni ferðaþjónusta.	✓	✓								✓	✓	
Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun Þróa trausta innviði sem eru sjálfbærir og með viðnámsþol gagnvart breytingum, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velferð allra. Stuðla að samkeppnishæfni, þoli og eflingu samfélags og atvinnulífs	HMS - 9 LSK 15-26	Veitur, umferð.	✓								✓			✓
Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga og náttúruhamfara. Stuðla að orkuskiptum í samgöngum og kolefnisbindingu. Stuðla að öryggi almennings gagnvart náttúruvá og loftslagsbreytingum	HMS-13 AL 18-30 ⁵	Binding og losun kolefnis	✓	✓	✓	✓	✓			✓	✓	✓		

⁵ Aðgerðaráætlun í lofstlagsmálum 2018-2030.

Umhverfisviðmið	Byggt á	Umhverfisvísar		Umhverfisþættir										
			Íbúar	Heilbrigði manna	Dýr	Plöntur	Líffræðileg fjölbreytni	Jarðvegur	Jarðmyndanir	Vatn	Lofslag	Efnisleg verðmæti	Menningar-minjar	Landslag
Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi Tryggja varðveislu, endurheimt og sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi og í ferskvatni og þjónustu þeirra, sérstaklega skóga, votlendis, fjalllendis og þurrlendis í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Endurheimta land og jarðveg og vinna að sjálfbærri gróðurframvindu. Grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir landnám og draga úr áhrifum ágengra framandi tegunda á vistkerfi á landi og í vatni	HMS-15 Lög um náttúru vernd 80/2013	Líffræðileg fjölbreytni Gróðurfar Landbúnaðarland Fuglalíf, vatnalíf	➔	➔	➔	➔	➔	➔	➔	➔	➔			➔
Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi Stuðla að varðveislu og vernd náttúru- og menningarminja, sem felast í líffræðilegum fjölbreytileika, fjölbreytni jarðmyndanna, landslagi og minjum um sögu og búsetu. Staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðhættum	LSK 15-26 Lög um mennin gaminjar	Fágæti landslags Ásýnd lands Nýtingarsaga Menningarlands ag Náttúruminjar Fornleifaskráning Röskun lands	➔			➔		➔	➔			➔	➔	➔

5.6.1 Viðmið og vísar til grundvallar umhverfismati

Umhverfisviðmiðum er ætlað að lýsa æskilegri þróun með tilliti til sjálfbærni og umhverfismála.

Umhverfisviðmiðin eru birt í töflu hér að ofan (tafla 8), en þar eru einnig tilgreindir vísar og tengsl við umhverfisþætti sem skilgreind eru í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Umhverfisviðmiðin eru í grunninn byggð á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Sérstaklega er tekið mið af heimsmarkmiðum sem valin hafa verið sem forgangsmarkmið íslenskra stjórnvalda og hafa augljós tengsl við skipulagsgerð. Einnig er byggt á Landsskipulagsstefnu 2015-2026 og öðrum áætlunum á landsvísi sem marka stefnu um landnotkun, auk laga og reglugerða. Í umhverfismatinu er unnið með fjóra matsþætti sem taka til meginviðfangsefna þess (tafla 9). Lagt er mat á hvort skipulagið eða einstakir hlutar þess styðji eða gangi gegn

umhverfisviðmiðunum og við framkvæmd matsins er beitt matsspurningum sem vísa til umhverfisviðmiðanna. Tafla 9 inniheldur matsspurningarnar sem skilgreindar eru til að greina hvort stefnan styður eða vinnur gegn umhverfisviðmiðunum.

Tafla 9. Matsþættir, viðmið og matsspurningar.

Matsþáttur	Viðmið	Matsspurningar
Hagrænir og félagslegir	Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla Byggja viðnámspolna innviði og styðja nýsköpun	• Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu? • Stuðlar stefnan/framkvæmdin að sterkari innviðum sem taka mið af umhverfisbreytingum • Stuðlar stefnan/framkvæmdin að þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum? • Er stefnan líkleg til að hafa áhrif á ferðamenn og ferðaþjónustu?
Náttúrarslegir	Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi Gripa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra	• Hefur stefnan áhrif á svæði þar sem eru merkar náttúruminjar sem njóta verndar, svo sem á náttúruminjaskrá, 61. gr. náttúruverndarlaga eða alþjóðlegra samninga? • Hefur stefnan áhrif á loftslagsmál, losun gróðurhúsalofttegunda og/eða viðbrögð við loftslagsbreytingum?
Landslag, ásynd og menningarminjar	Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi	• Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af náttúru, landslagi og staðhættum? • Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar? • Hefur stefnan áhrif á og/eða raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásynd lands?
Heilsa og öryggi	Stuðla að heilbrigðu lífni og vellíðan fyrir alla frá vöggju til grafar Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess	• Stuðlar stefnan að vörnum gegn mengun grunnvatns eða röskun á vistkerfum, svo sem með losun eða efnistöku? • Stuðlar stefnan að auknum gæðum umhverfis, svo sem hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist?

5.6.2 Aðferðir við umhverfismat og framsetning niðurstaðna

Við umhverfismatið er stuðst við þær upplýsingar sem liggja fyrir um grunnástand umhverfis, upplýsingar úr tilkynningu vegna fyrirspurnar um matsskyldu og upplýsingar sem koma fram í skipulagsferlinu. Þá er einnig leitað til sérfróðra manna og stofnana og annarra sem kunna að búa yfir þekkingu á staðhættum. Umhverfismatsskýrsla er unnin samhliða skipulagsgerðinni, þar sem greint er frá mögulegum umhverfisáhrifum af stefnu aðalskipulagsins og útfærslu hennar í deiliskipulagi. Framsetning umhverfismats er í formi matstafla og texta. Í umhverfismatinu er stuðst við vægiseinkunnir við mat á valkostum og einstökum þáttum skipulagsins (sjá töflu 10). Í umhverfismatinu er lagt mat á það hvort stefnan eða valkostir um stefnu styðji eða gangi gegn þeirri stefnu sem umhverfisviðmiðin fela í sér.

Tafla 10. Vægiseinkunnir í matstöflu.

Vægiseinkunn	Skýringar
+	Jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið.
0	Engin eða óveruleg áhrif / Á ekki við. Tillaga að stefnu eða framkvæmd hefur engin, lítill eða óljós tengsl við viðkomandi umhverfisviðmið.
-	Neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið.
?	Óvissa um áhrif / Vantar upplýsingar. Óvist er eða háð útfærslu hvort tillaga að stefnu eða framkvæmd styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði.

5.6.3 Stefnukostir

Metnir eru valkostir um stefnu aðalskipulagsins með það að markmiði að matið gefi yfirsýn og veiti upplýsingar um það svigrúm sem er í skipulagsgerð vegna uppbyggingar á breytingarsvæðinu með tilliti til sjálfbærniþiðmiða. Valkostir í tengslum við aðalskipulagsbreytinguna eru bornir saman miðað við núll-kost sem er að ekki komi til frekari uppbyggingar á svæðinu.

5.6.4 Áhrifamat

Í töflu hér á eftir er sett fram umhverfismat valkosta breytingar á Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 (tafla 11).

	Matsspurning/viðmið	Uppbygging skv. Tillögu að breyttu aðalskipulagi	Núll-kostur engin uppbygging
Hagrænir og félagslegir þættir	Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu?	Stefnan hefur jákvæð áhrif á atvinnuuppbyggingu á svæðinu með tilkomu nýrra atvinnulóða sem og viðbót við ferðaþjónustu á svæðinu.	Stefnan stuðlar að óverulegu leyti að atvinnuuppbyggingu, umfram það sem er á svæðinu í dag.
	Stuðlar stefnan/framkvæmdin að þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum?	Ný störf styrkja byggðina og það eykur þol byggðarlagsins gangvart samfélags- og umhverfisbreytingum.	Stefnan stuðlar að óverulegu leyti að auknu þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.
	Er stefnan líkleg til að hafa áhrif á ferðamenn og ferðaþjónustu?	Uppbygging samkvæmt stefnu mun hafa jákvæð áhrif á ferðaþjónustu með frekari uppbyggingu á safnasvæði og annarri uppbyggingu.	Stefnan stuðlar að óverulegu leyti að uppbyggingu ferðaþjónustu.
Náttúrufræslislegir þættir	Hefur stefnan áhrif á svæði þar sem eru merkar náttúruminjar sem njóta verndar, svo sem á náttúruminjasrá, 61. gr. náttúruverndarlaga eða alþjóðlegra samninga?	Stefnan hefur ekki áhrif á svæði þar sem eru merkar náttúruminjar sem njóta verndar samkvæmt náttúruminjasrá og tillögu að B-hluta náttúruminjasrár.	Stefnan hefur ekki áhrif á svæði þar sem eru merkar náttúruminjar sem njóta verndar samkvæmt náttúruminjasrá og tillögu að B-hluta náttúruminjasrár.
	Hefur stefnan áhrif á loftslagsmál, losun gróðurhúsalofttegunda og/eða viðbrögð við loftlagsbreytingum?	Á framkvæmdatíma veldur stefnan aukinni losun gróðurhúsalofttegunda, vegna röskunar á gróðri og jarðvegi vegna framkvæmda. Að hluta til er svæðið þegar raskað.	Stefnan hefur óveruleg áhrif á loftlagsbreytingar eða viðbrögð við þeim. Að hluta til er svæðið þegar raskað.
Landslag, ástand og menningarmínjar	Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af náttúru, landslagi og staðhættum?	Nýjar byggingar munu hafa áhrif á ásjón lands. Stefnan styður að einhverju leyti markmið um að staðsetning og hönnun mannvirkja taki mið af náttúru, landslagi og staðhættum, enda miði skipulagsákvæði í aðalskipulagi að því að lágmarka sjónræn áhrif og að mannvirki og mótun lands sé í sem bestu samræmi við landslag.	Stefnan hefur ekki áhrif.
	Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar?	Stefnan hefur óveruleg áhrif á menningarminjar.	Stefnan hefur óveruleg áhrif á menningarminjar.
	Hefur stefnan áhrif á og/eða raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásjón lands?	Ekki er um að ræða fágætar landslagsheildir en svæðið er þegar talsvert raskað. Miklar breytingar verða á ásjón lands til lengri tíma lítið, einkum vegna umfangs bygginga. Til skemmri tíma eru áhrif af raski á framkvæmdatímanum og vegna efnistöku, en til lengri tíma ráðast þau áhrif af frágangi svæða og mótun lands.	Stefnan hefur ekki för með sér röskun á landslagsheildum eða breytir ásjón lands. Hins vegar er svæðið talsvert raskað og umhverfið ófrágengið.

Heilsa og öryggi	Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar?	Stefnan hefur neikvæð áhrif á möguleika til útivistar, einkum á framkvæmatímanum, en til lengri tíma ráðast þau áhrif af frágangi svæða og mótun lands og aðgengi fyrir almenning.	Stefnan hefur óveruleg áhrif á möguleika til útivistar og hreyfingar. Svæðið er í dag talsvert raskað og hluti þess er aðgengilegt til útivistar.
	Stuðlar stefnan að auknum gæðum umhverfis, svo sem hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist?	Stefnan kann að að einhverju marki að hafa neikvæð áhrif á umferðaröryggi og hljóðvist á framkvæmdatímanum, vegna flutninga, vegagerðar o.fl. Að framkvæmdum loknum eru áhrif á umferðaröryggi jákvæð vegna þess að úrbætur verða gerðar á núverandi veltengingu svæðisins við Þjóðveg 1 á Moldhaugnahálsi.	Stefnan hefur ekki áhrif.

Niðurstaða umhverfismatskýrslunnar eru að breyting á aðalskipulagi hefur jákvæð áhrif á hagræna og félagslega þætti t.d. með frekari uppbyggingu á ferðaþjónustu. Breytingin hefur neikvæð áhrif á náttúrufarslega þætti t.d. með aukinni losun gróðurhúsalofttegunda, vegna röskunar á gróðri og jarðvegi á framkvæmdatíma. Neikvæð áhrif eru einnig á landslag og ásýnd með tilkomu nýrra mannvirkja en komið er til móts við neikvæð áhrif með því að draga úr innsýn á svæðið með landmótun, mönum og skógrækt og samræminu í útliti, litavali bygginga og umgengnisreglum fyrir svæðið. Neikvæð en tímabundin áhrif verða á útivist, umferð og hljóðvist á framkvæmdatíma. Óveruleg áhrif á aðra þætti.

6 KYNNING OG SAMRÁÐ

Skipulagslýsing var kynnt í desember 2021. Lýsingin var auglýst í fjölmiðlum og á heimasíðu auk þess sem hún var send umsagnaraðilum í tölvupósti. Skipulagstillaga á vinnslustigi var kynnt í febrúar og mars 2022. Tillagan var auglýst í staðbundnum fjölmiðlum, á heimasíðu sveitarfélagsins auk þess sem opinn kynningarfundur fór fram í félagsheimilinu Hlíðarbæ þann 16. febrúar 2022. Ennfremur var eigendum aðliggjandi lands og Vegagerðinni sent skriflegt erindi vegna málsins.

Í skipulagsferlinu hefur verið haft samráð við eftirfarandi aðila:

- Vegagerðin
- HNE
- Norðurorka
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun
- Akureyrarbæ
- Dalvíkurbyggð
- Rarik
- Landsnet
- Tengir
- Skógræktin
- Eigendur aðliggjandi lands

7 HEIMILDARSKRÁ

Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024.

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024.

Skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Lög nr. 80/2012 um menningarminjar.

Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúrufræðistofnun Íslands. Vistgerðarkort á Íslandi sótt á; <http://vistgerdakort.ni.is/>.

Náttúrufræðistofnun Íslands, 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.

Náttúrufræðistofnun Íslands, 1996. Válisti 2. Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.

Hagstofa Íslands, 2018. Tölur um mannfjölda.

Vinnumálastofnun, 2018. Tölfræði og útgefið efni.